

Veiðifélag Eystri-Rangár
Keldum
851 Hella

Reykjavík 31. október 2017
UST201706-207/S.P.
08.12.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 23. júní sl. þar sem tilkynnt var um áform stofnunarinnar um að áminna Veiðifélagið Eystri Rangár vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 4. apríl sl. Umhverfisstofnun barst bréf frá Veritas lögmönnum, f.h. Veiðifélagsins Eystri Rangár, dags. 14. júlí sl., þar sem sjónarmið rekstraraðila vegna áforma Umhverfisstofnunar voru reifuð. Jafnframt mætti Skarphéðinn Pétursson hrl., lögmaður rekstraraðila, á fund Umhverfisstofnunar þann 27. september sl. þar sem farið var yfir stöðu mála hjá Veiðifélaginu eystri Rangár.

Frávikin, kröfur um úrbætur og sjónarmið rekstraraðila varðandi þau eru eftirfarandi:

- Þá gildandi 5. gr. a, nú 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (Lögum nr. 7/1998 var breytt með lögum nr. 66/2017):** Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis en óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Fyrir liggur tillaga að starfsleyfi hjá stofnuninni, sem þegar hefur verið auglýst, en enn vantar vöktunaráætlun fyrir stöðina. Jafnframt hefur stöðin ekki rekstrarleyfi en starfsleyfi og rekstrarleyfi skulu afgreidd samhliða skv. 4. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun vinnur rekstraraðili í því að senda inn tilkynningu til Skipulagsstofnunar. Þegar niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir mun rekstraraðili sækja um rekstrarleyfi til Matvælastofnunar. Umhverfisstofnun gefur ekki út starfsleyfi fyrir en rekstrarleyfi og vöktunaráætlun liggja fyrir. *Umhverfisstofnun veitti rekstrar aðila frest til 6. júlí sl. til þess að skila inn tímasettri útbótaáætlun vegna frávíksins. Óskað var eftir því að þar kæmu fram upplýsingar um stöðu umsóknar um rekstrarleyfi og tilkynningar til Skipulagsstofnunar. Jafnframt óskaði Umhverfisstofnun eftir því að tímasett útbótaáætlun yrði lögð fram vegna vöktunaráætlunar.*

- Í bréfi rekstraraðila segir að rekstraraðili hafi keypt stöðina vorið 2016, þá vorum hún í fullum rekstri. Samkvæmt seljanda hefði stöðin rekstrarleyfi, það væri að renna út, en sótt hefði verið um endurnýjun, sem ætti að fást án frekari aðgerða. Þá hefði stöðin engar athugasemdir fengið við úttektir eftirlitsaðila og engra úrbóta hefði verið krafist. Þá segir að núverandi rekstraraðili viðurkenni að í annríki þess að undirbúa og síðar taka yfir reksturinn voru þessi leyfismál ekki könnuð frekar. Gengið var út frá því að á meðan engar

athugasemdir væru gerðar varðandi aðbúnað og rekstrarumhverfi þá væri reksturinn í góðu lagi. Rekstraraðili hefur beðist afsökunar á mistökum og fullvissar Umhverfisstofnun um að ætlun hans sé að bæta úr þessum vanköntum í fullri samvinnu og í samræmi við kröfur laga og Umhverfisstofnunar. Þá vísar rekstraraðili til samráðs við Matvælastofnun varðandi rekstrarleyfið og segir að því sé nánast lokið.

Umhverfisstofnun hefur þrátt fyrir framangreint bréf VERITAS lögmanna f.h. Veidifélagsins Eystri Rangár, ekki fengið tímasetta úrbótaáætlun vegna fráviksins. Í áðurnefndu bréfi segir að tilkynning til Skipulagsstofnunar liggi inni og að beðið sé afgreiðslu á henni. Umhverfisstofnun hefur fengið það staðfest að ekki hefur enn verið send tilkynning inn til Skipulagsstofnunar. Jafnframt hefur enn ekki verið sótt um rekstrarleyfi fyrir stöðina hjá Matvælastofnun. Því hefur rekstraraðili ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma starfs- og rekstrarleyfismálum sínum í lögmætan farveg.

2. Þágildandi 5. gr. a laga nr. 7/1998, sbr. gr. 2.6 í starfsleyfistillögu: Ekki var tilkynnt um óhapp sem varð til þess að um 15.000 seiði, um 25g að þyngd sluppu úr í settjörn og svæfð með því að svæfingaefni var helt í setþróna. Rekstraraðila er ekki heimil losun á öðrum efnnum en þeim sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar, nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Í starfsleyfistillögu fyrir Veidifélagið Eystri-Rangár segir í gr. 2.6 að tilkynna skuli mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Í 9. gr. laga nr. 7/1998 segir að útgefandi starfsleyfis skuli tilgreina í starfsleyfi m.a. tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa.
 - Í bréfi rekstraraðila segir að Veidifélagið Eystri-Rangár hafi ekki talið tilefni til að tilkynna eða ofsafenginna viðbragða. Veidifélagið fullyrðir að engin mengun eða aðrar afleiðingar hafi orðið af umræddu atviki. Þá segir að með nýrri viðbragðáætlun við slysasleppingum munu þau mistök ekki endurtaka sig.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir afriti af umræddri viðbragðsáætlun.

3. Gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999: Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999 og skv. gr. 2.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Nokkuð vantar uppá að frágangur frárennslis sé viðunandi, bæta þarf setþró og ristar við frárennslisop. *Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 6. júlí til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur þar sem fram kæmi hvernig rekstraraðili myndi uppfylla kröfur varðandi fráveitu frá fiskeldinu.*
 - Í bréfi rekstraraðila segir að ekki komi fram, hvorki í bréfi Umhverfisstofnunar né eftirlitsskýrslum, hvað sé nákvæmlega að ristum og settjörn og að erfitt væri að bregðast við svo almennum athugasemdum.

Umhverfisstofnun hefur þegar sett fram nánari ábendingar um galla á núverandi frárennslislausn, sbr. eftirlitsskýrsla dags. 26. júlí sl. Þar segir m.a. að lækurinn sé of grunnur til að gegna hlutverki sínu sem settjörn og þarfnist endurbóta. Nokkur lykt var í tjörnunum og uppsöfnun fódurleifa og slý sjáanlegt, einnig var að sjá dauðan fisk í báðum tjörnunum. Greina mátti samskonar uppsöfnun í viðtakanum sjálfum. Slý var á trjágreinum sem vaxa við lækjarbakkann og greinilegar fódurleifar eru við útrásina. Ekki eru til efnamælingar úr frárennslinu. Minnt var á að gera þarf áætlun um losun settjarnanna í tengslum við vöktunaráætlun. Huga þarf að endurhönnun settjarnanna þar sem sýnt er að þær eru ekki að virka sem skildi og of mikið magn úrgangs kemst í

viðtaka. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila hér með frest til 14. nóvember næstkomandi til þess að skila inn tímasettri útbótaáætlun vegna fráviksins.

4. **Reglugerð nr. 851/2002:** Rekstraraðili skal gera skil á grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002. *Umhverfisstofnun veitti rekstraraðila frest til 6. júlí til þess að skila inn grænu bókhaldi fyrir árin 2015 og 2016.*
- Í bréfi rekstraraðila segir að framleiðsla sé undir 20 tonnum, sbr. kröfur tl. 6.10 í fylgiskjali II með lögum nr. 7/1998 og því beri Veiðifélaginu Eystri-Rangár ekki skylda til þess að færa grænt bókhald. Þar að auki hafi Veiðifélagið ekki verið rekstraraðili stöðvarinnar árið 2015 og geti því ekki skilað inn umræddu bókhaldi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt eldra starfsleyfi var rekstraraðili með heimild til þess að vera með framleiðslu allt að 60 tonnum. Í umsókn frá árinu 2015 var sótt um 60 tonna framleiðslu. Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi samkvæmt 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og nánar greinir í reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald. Í tl. 6.10 í fylgiskjali með reglugerð nr. 851/2002 segir að eldi sjávar- og ferskvatnslífvera þar sem ársframleiðsla er meiri en 200 tonn og fráveita til sjávar eða ársframleiðsla er meiri en 20 tonn og fráveita í ferskvatn skuli færa grænt bókhald. Umhverfisstofnun miðar við þá stærð sem mælt er fyrir um í starfsleyfum rekstraraðila en ekki raun framleiðslu enda getur hún verið breytileg. Veiðifélagið Eystri-Rangá hefur sótt um að vera með 60 tonna ársframleiðslu og því miðar stofnunin við þá tölu.

5. **Lögum nr. 7/1998 og gr. 1.4 samræmdra starfsleyfisskilyrða vegna fiskeldis á landi:** Skráning innra eftirlits vegna mengandi þátta skal vera í samræmi við gr. 1.4 samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir fiskeldi á landi, auk þess sem ákvæðið gerir kröfu um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur. *Staðfest var í eftirliti þann 26. júlí sl. að skráningar innra eftirlits væru nú í lagi. Frávikið telst lokið.*
6. **5. gr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs:** Dauðfiskur hefur verið urðaður á lóð stöðvarinnar. Meðferð dauðfisks skal vera í samræmi við ákvæði nr. 2.4 og urðun úrgangs á lóð rekstraraðila er með öllu óheimil skv. 5. gr. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. *Staðfest var í eftirliti þann 26. júlí sl. að dauðfiskur er ekki urðaður lengur á lóð rekstraraðila. Umhverfisstofnun fer fram á að dauðfiskur sem hefur þegar verið urðaður á lóð verði fjarlægður og verði komið á viðurkenndan urðunarstað og skili kvittunum til Umhverfisstofnunar. Fráviki þessu verður fylgt eftir í næsta eftirliti.*

Umhverfisstofnun veitir Veiðifélaginu Eystri-Rangár hér með áminningu og gerir kröfu um úrbætur vegna frávíka í tölulíða 1, 3, 4 og 6 hér að framan, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 14. nóvember nk.


Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnareftirlit. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015 með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 132.000 samkvæmt verkskráningu.**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 65. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að kærufrestur er einn mánuður frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.


Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is.

Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur

Afrit: Matvælastofnun, Skipulagsstofnun og Skarphéðinn Pétursson, hrl. hjá Veritas lögmönnum